

# Galatabréfið

Útskýringar sem byggðar eru á Torah og hebresku samhengi fyrstu aldarinnar.

Eftir Avi ben Mordechai © 2005-2006 Millennium 7000 Communications. Allur réttur áskilinn.  
Íslensk þýðing: Sigrún Einarsdóttir - [www.torah.is](http://www.torah.is)  
Birt með leyfi höfundar - [www.m7000.com](http://www.m7000.com)

## 13. þáttur af 18

### Sjötti hluti: Galatabréfið - útskýringar með 4. kafla

#### Skjámynd:

#### Helstu atriði:

„Ambáttin“ er Hagar. „Frjálsa konan“ er Sara

Hagar, Sínaí og Jerúsalem eru tákn ánauðar og fjötra

Líkingasagan um Hagar, Sínaí og Jerúsalem lýsir Torah lögmáli FYRIR OFAN (í hæðum) í samanburði við manggert lögmál í Jerúsalem FYRIR NEDAN

Holdið eða manngerð trú fyrir neðan ofsækir þá sem ganga í andanum og halda himneskan lagasáttmála að ofan

### Skjámynd:

**Galatabréfið 4.22-23** Ritað er, að Abraham átti tvo sonu, annan við ambáttinni, en hinn við frjálsum konunni. Sonurinn **við ambáttinni var fæddur á náttúrlegan hátt (af holdi)**, (og) sonurinn við **frjálsum konunni var fæddur samkvæmt fyrirheiti**.

Ambátt:

1. Mós. 16.1-2 Saraí kona Abrams ól honum *ekki börn*. En hún hafði egypska ambátt, sem hét Hagar. Og Saraí sagði við Abram: Heyrðu, YHWH hefir varnað mér barngetnaðar. Gakk því inn til ambáttar minnar, vera má að hún afli mér afkvæmis. Og Abram hlýddi orðum Saraí.

Frjálsum kona:

1. Mós. 18.9-13 (stytta). Þá sögðu þeir (englarnir) við hann: Hvar er Sara kona þín? Hann svaraði: Þarna inni í tjaldinu. Og YHWH sagði: Vissulega mun ég aftur koma til þín að ári liðnu í sama mund, og mun þá Sara kona þín hafa eignast son. ...Þá sagði YHWH við Abraham: Hví hlær Sara og segir: Mun það satt, að ég skuli barn fæða svo gömul? Er YHWH nokkuð ómáttugt? Á sinni tíð að vori mun ég aftur koma til þín, og Sara hefir þá eignast son.

### Skjámynd:


**Galatabréfið 4.24** Þetta hefur óeiginlega merkingu: Konurnar merkja **tvo sáttmála: Annar er sá frá Sínaifjalli** og elur börn til ánauðar, það er Hagar.

## Fæddi Sínaifjall af sér ánauð?

### Frjáls kona fyrir ofan



YHWH mun gjöra þig að höfði og eigi að hala, og þú skalt stöðugt stíga upp á við, en aldrei færast niður á við, ef þú hlýðir skipunum YHWH Elóhíms þíns, þeim er ég legg fyrir þig í dag, til þess að þú varðveitir þær og breytir eftir þeim. (5. Mós. 28.13, úr 28.1-14)



### Ambátt fyrir neðan



...Kom og gjör oss guð, er fyrir oss fari, því að vér vitum ekki, hvað af þessum Móse er orðð, mannum, er leiddi oss burt af Egyptalandi. (2. Mós 32.1)

Synir þínir og dætur munu seldar verða í hendur annarri þjóð, og augu þín skulu horfa á það og daprast af þrá eftir þeim allan daginn, en þú skalt eigi fá að gjört. ...af því að þú hlýddir ekki raustu YHWH Elóhíms þíns, að varðveita skipanir hans og lög, þau er hann fyrir þig lagði. (5. Mós. 28.32 og 45, úr 28.15-68)

## Framhald í næsta þætti...

### Taktu frá þrjú kvöld í júní 2010 (14. 15. og 16. júní)

Avi ben Mordechai kemur til Íslands í júní 2010 og verður með nokkra spennandi fyrirlestra.

Ef þú vilt fá nánari upplýsingar um þetta einstaka tækifæri til að hlusta á stórkostlega fræðslu um hebreskar rætur trúarinnar, eða tryggja þér sæti á fyrirlestrunum hafðu þá samband við Sigrúnu í síma 824 8848 eða með því að senda tölvupóst á [torah@internet.is](mailto:torah@internet.is)